

Morgunblaðið/Bjarni

Frá opnun sýningar á verkum Jóns Stefánssonar. Hér virðir forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrir sér eitt verka Jóns og við hlið hennar stendur Ólafur Kvaran, listfræðingur.

Góð aðsókn að sýningum á verkum Errós og Jóns Stefánssonar

PRETTÁN þúsund og fimm hundruð manns hafa sótt listsýningu Errós sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Þá var mjög mikil aðsókn að yfirlitssýningu á verkum Jóns Stefánssonar, sem opnuð var í Listasafni Íslands sl. laugardag. Um þrjú þúsund gestir sóttu sýninguna fyrstu tvo dagana.

Sýning Errós var opnuð laugardaginn 16. september og seldust öll verk Errós upp fyrsta daginn, en þau eru 110 talsins. Þá eru árituðu eftirprentanirnar, 1.200 að tölu, allar uppseldar líka.

Verkin eru máluð á síðustu fjórum árum, en síðast hélt Erró sýningu hér heima árið 1985. Fimm þúsund manns komu á sýninguna fyrstu helgina og aðrir fimm þúsund gestir komu um síðustu helgi. Að meðaltali sóttu sýninguna 700 gestir á hverjum virkum degi í síðustu viku, eða samtals þrjú þúsund og fimm hundruð manns. „Þessi fjöldi er miklu meiri en við höfðum nokkurn

tímann búist við. Ég man ekki eftir annarri eins aðsókn á nokkra sýningu hér,“ sagði Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, í samtali við Morgunblaðið. Verð myndanna á sýningunni nemur frá 90 þúsundum og upp í 400 þúsund. Sýning Errós stendur til 22. október, en þá taka við sýningar Sveins Björnssonar og Arvid Petersen frá Noregi.

Aðsókn að yfirlitssýningu á verkum Jóns Stefánssonar í Listasafni Íslands hefur verið mjög góð um helgina, að sögn Beru Nordal, forstöðumanns. Ætla má að um þrjú þúsund gestir hafi komið um helgina, en aðeins var opið í tvo tíma á

laugardag og á sunnudag frá 11.00 til 17.00. Sýningin stendur til 5. nóvember og er ekki talið líklegt að hún verði framlengd. Myndirnar, 118 talsins, eru úr einkaeign og úr einkasöfnum auk þess sem ýmsar íslenskar og danskar stofnanir hafa lánað verk á sýninguna. „Ég vil endilega hvetja fólk til að koma því þetta er einstök sýning. Þetta er fyrsta yfirlitssýningin á verkum Jóns Stefánssonar og svona sýning verður ekki sett saman á næstunni. Sýningin spannar allan feril listamannsins, alveg frá árinu 1910 og til 1960 skömmu áður en hann deyr. Landslagið er hans aðalþjáningarform og var það íslenska landslagið sem alltaf sótti á hann,“ sagði Bera.

Listasafn Íslands er opið daglega frá 11.00 til 17.00, en lokað er á mánudögum.

Sakadómur Reykjavíkur:

Þrír fengu 3-7 mánaða fangelsi fyrir tékkasvik

Framkvæmdastjóri, meðstjórnandi og gjaldkeri gjaldþrota byggingafélags hafa verið dæmdir í 3-7 mánaða fangelsi fyrir útgáfu innistæðulausra ávísana. Ávísanirnar, sem voru átta, voru gefnar út þrátt fyrir að ákærðu væri öllum ljóst, að fyrir þeim var engin innistæða.

Byggingafélagið var stofnað í júlí 1987 í Kópavogi. Um haustið 1988 dró að gjaldþrota fyrirtækisins og var ekki handbært fé til að greiða laun starfsmanna og aðrar skuldir. Brugðu ákærðu þá á það ráð, að gefa út tékka á reikning félagsins í Búnaðarbankanum til þess að greiða skuldirnar, enda þótt þeim væri öllum ljóst, að ekki væri innistæða fyrir tékkunum. Í dómi Sakadóms Reykjavíkur kemur fram, að það var von þeirra að úr rættist síðar og hægt yrði að rétta af reikninginn. Honum var lokað 17. október 1988.

Tékkarnir voru allir gefnir út og notaðir með vitund og að undirlagi framkvæmdastjórans. Sjálfur gaf hann út tvo og notaði ásamt meðstjórnandanum, samtals að upphæð um 800 þúsund krónur. Sex tékkanna voru gefnir út og notaðir af

framkvæmdastjóranum og gjaldkeranum, samtals að upphæð rúmlega 800 þúsund krónur.

Framkvæmdastjórinn var dæmdur til 7 mánaða fangelsisvistar, en fullnustu 5 mánaða af refsingunni var frestað og fellur sá hluti niður að liðnum 3 árum, haldi hann almennt skilorð. Meðstjórnandinn var dæmdur í 3 mánaða fangelsi og er refsingin skilorðsbundin til 3 ára. Gjaldkerinn hlaut 5 mánaða fangelsi og þar af eru 4 mánuðir skilorðsbundnir til 3 ára.

Í ákæru var ekki krafist fábóta og þær hafa ekki verið greiddar. Ákærðu greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Gunnars Jóhanns Birgissonar hdl., 40 þúsund krónur.

Pétur Guðgeirsson, sakadómari, kvað upp dóminn.

Fleiri íslenskir laxar finnast í afla Færeyinga:

„Allt að 30 prósent tollur tekinn af hverjum árgangi“

– segir Orri Vigfússon formaður Laxárfélagsins

TVEIR laxar merktir og sleppt sem seiði í Laxá í Aðaldal í maí 1987 skiluðu sér í línuveiði Færeyinga eftir áramótin. Þar með komu fram 17 laxar með íslenskum merkjum í úthafsveiði Færeyinga og Grænlandinga síðasta vetur. Þar af reyndust tíu vera úr umræddri seiðasleppingu í Laxá í Aðaldal, en hinir sjö voru úr ýmsum ám.

Orri Vigfússon formaður Laxárfélagsins, sem hefur drjúgan hluta Laxár í Þingeyjarsýslu á leigu sagði í samtali við Morgunblaðið að þetta væru vissulega ill tíðindi, en kæmu í sjálfu sér ekki á óvart. „Fiskifræð-

ingar sem hafa fylgst með þessu segja líkur benda til að allt að 30 prósent tollur sé tekinn af hverjum árgangi og það þýði 30 til 35 prósent samdrátt í veiði. Í sumari veiddust 1.645 laxar í Laxá, en ef engin


úthafsveiði hefði verið, hefði áin átt að skila 2.200 löxum, þannig að það munar um minna,“ sagði Orri.

Orri sagði enn fremur að hin miklu netafór á löxum sem höfðu dvalið tvö ár í sjó bentu til mikillar grísjunnar við Grænland, en sjálfsagt tækju einnig drauganet og ólögleg net á heimaslóðum sinni toll. „Nú var veruleg niðursveifla í laxveiðinni andstætt spám fiskifræðinga. Vegna þessa hef ég viðrað þá hugmynd við stjórnvöld að Grænlandingar og Færeyingar verði beðnir að hætta úthafsveiðum sínum í svo sem tvö ár meðan að við rannsökum niðursveifluna,“ sagði Orri.

Elsti Reykjavíkingurinn látinn

Þorvaldur Jónsson, fyrrverandi verkamaður, andaðist á Landspítalanum laugardaginn 23. september síðastliðinn. Hann var á 105. aldursári og elstur íbúa Reykjavíkur.

Þorvaldur fæddist 31. desember árið 1884, á bænnum Stapa í Tungusveit. Hann stundaði búskap í Skagafirði í tuttugu ár, en fluttist síðan til Sauðárkróks, en þar vann hann meðal annars sem verkamaður við vitabyggingar. Til Reykjavíkur fluttist Þorvaldur þegar hann var rúmlega sextugur að aldri, og stundaði hann verkamannavinnu þar þangað til hann var um átt-rætt. Síðastliðin 41 ár bjó hann á



Þorvaldur Jónsson

heimili Oddnýjar dóttur sinnar og eiginmanns hennar á Miklubraut 64.

Eiginkona Þorvaldar var Helga Jóhannsdóttir, sem lést árið 1944, og eru börn þeirra þrjú talsins.

Minkur í miðbænum í Reykjavík

ÍBÚAR í Reykjavík urðu tvisvar varir við mink á ferli um helgina.

Skömmu fyrir hádegi á laugardag var lögreglunni tilkynnt um mink við Klapparstíg. Dýrið náðist ekki, heldur forðaði sér á hlaupum. Um klukkan 10 á sunnudagsmorgun sá fólk við Bergstaðastræti mink á bifreiðastæði þar. Lögregla kom á vettvang, en fann dýrið ekki.



IDÉ-hurðirnar frá Bústofni með fræstum „fullningum“ prýða heimilið og gefa því virðulegan blæ. Þær fást gegnheilar eða með „frönskum“ gluggum, sem hleypa birtu á milli herbergja. Frönsku hurðirnar eru einnig framleiddar tvöfalda.

Hurðirnar fara vel í nýttizku húsakynnum sem og til endurnýjunar í eldri húsum. Þær eru því hvarvetna aðlaðandi og hagnýt lausn.

Arkitektar og iðnaðarmenn hafa lokið lofsorði á hurðirnar fyrir vandaða smíði.

Tré er lífandi efni, sem rakastig loftins hefur áhrif á. IDÉ-hurðirnar eru hannaðar og smíðaðar til að þola 70% sveifluaukningu á rakastigi.

- Hurðarfleki samlímdur og karmur úr massívri furu eða greni með innfræstum spjöldum.
- Allir karmar m/þéttlista
- Allar hurðir fulljarnaðar með sterkum, sérsmíðuðum lömum.
- Allar breiddir fánlegar af ýmsum gerðum.
- Verðið er vitaskuld hagstætt eins og á öllu öðru hjá BÚSTOFNI.

Biðjið um bækling.

Bústofni
SMÍÐJUVEGI 6, KÓPAVOGI, S: 45670-44544